


Alþingi
Erindi nr. P 130/1090
komudagur 24.2.2004



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Reykjavík 20.02.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Efni: Umsögn Veidimálastofnunar um 477. mál “Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008”

Ekki er gerðar efnislegar athugasemdir við ofangreinda tillögu sem í eðli sínu er framsækin. Um er að ræða þingsályktun og því um stefnumörkun að ræða en ekki um nákvæma útfærslu á einstökum þáttum. Benda má á að áætlunin felur í sér viðurkenningu á mikilvægi tilgreindra svæða og þær skuldbindingar sem í þeim felast.

Rétt að vekja athygli Alþingis á það sem snýr að vatni og lífríki þess. Vatn hér á landi hefur nokkra sérstöðu einkum lindarvatn. Vatn er auðlind sem er nauðsynleg og kemur við sögu við ótal marga þætti í daglegu lífi. Jafnframt að það gengur á þá auðlind hvað varðar hreinleika og nýtingu til orkuframleiðslu auk þess sem flest af því sem frá mannlegum athöfnum fellur endar í vatni.

Sérstaða svæða og mikilvægi byggir á þekkingu á viðkomandi stöðum og landsins í heild. Minna má á að mikilvægi rannsókna og að markaðir séu fjármunir til þeirra. Í áframhaldandi stefnumörkun í náttúruvernd er mikilvægt að litið sé til verndun ferskvatnskerfa.

Virðingarfyllt


Sigurður Guðjónsson